



# Hvernig getum við bætt menntun barnanna okkar?

Umbætur í menntun



# Inngangur

**Fátt snertir okkur meira en menntun.** Hún hefur áhrif á líf okkar allra og mótar samfélagið í heild, lýðræðislega þróun þess og efnahag. Tilgangur hvítbókar mennta- og menningarmálaráðherra sem birt var í júní 2014 er að efla menntun á Íslandi. Í bókinni er lagt mat á stöðu menntakerfisins og hugmyndir kynntar að forgangsverkefnum og leiðum til að ná árangri.

**Sett eru fram tvö meginmarkmið.** Annars vegar að **auka lestrarfærni grunnskólanema** og hins vegar að **auka hlutfall nemenda sem ljúka námi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma**. Hvítbókinni er þó fyrst og fremst ætlað að stuðla að jákvæðri og uppbyggilegri umræðu um menntun á Íslandi og hvetja til umbóta og aðgerða.

**Framtíðarsýn okkar er að ungt fólk á Íslandi hafi sömu tækifæri og jafnaldrar þess í löndum sem við viljum bera okkur saman við. Til að svo megi verða þarf að veita nemendum á Íslandi menntun sem stenst samanburð við það sem best gerist erlendis.**

## Styrkleikar


**Íslenskt menntakerfi hefur ýmsa styrkleika sem mikilvægt er að byggja á.**

- Á Íslandi eru, samkvæmt alþjóðlegum samanburði, jöfn tækifæri til menntunar. Ísland er meðal þeirra landa þar sem minnstur munur er á árangri nemenda milli skóla.
- Líðan nemenda er góð í samanburði við önnur lönd. Í könnun Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar kemur fram að Ísland er í efstu sætum þegar 15 ára börn svara því hvort þau séu ánægð með lífið og tilveruna.
- Miðstýring menntakerfisins er lítil. Sveitarstjórnir og skólar hafa svigrúm til að laga námsframboð og skólastarf að ólíkum nemendahópum og þörfum þeirra.

# Áskoranir

➔ Íslendingar eru stoltir af sögu sinni og bókmenntaarfi og lestrarfærni er forsenda virkrar þátttöku í lúðræðis-samfélagi. Hins vegar getur bágur lesskilningur haft neikvæð áhrif á námsframvindu og þar með atvinnu-tækifæri síðar meir.

Það veldur miklum áhyggjum að lesskilningur hefur versnað hér á landi samkvæmt PISA-könnun OECD.



Heimild: OECD, PISA-könnun 2000-2012. Námsmatsstofnun.

- Árangur íslenskra nemenda var fyrir ofan meðaltal í fyrstu PISA-könnuninni árið 2000 en tólf árum síðar var hann kominn niður fyrir meðaltal.
- Samkvæmt PISA-könnuninni hefur hlutfall 15 ára nemenda sem ekki getur lesið sér til gagns hækkað úr 15% árið 2000 í 21% árið 2012.
- Strákar standa verr að vígi en stúlkur og er nú svo komið að um þriðjungur þeirra á í erfiðleikum með lestur.




➔ Traust og góð menntun auðveldar ungu fólki að fóta sig í flóknum og breytilegum heimi, auk þess að leggja grunn að öfluggu atvinnulífi og velsæld. Ísland sker sig úr hópi helstu samanburðarlanda í því hversu fáir ljúka námi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma.

Það er áhyggjuefni hve brottfall úr framhaldsskólum er hátt hér á landi og hversu fáir ljúka framhaldsskólanámi á tilskildum tíma.

- Innan við helmingur íslenskra ungmenna sem innritast í framhaldsskóla lýkur námi á skilgreindum námstíma.
- Á Íslandi hefja nemendur að jafnaði háskólagöngu um tvítugt. Hvergi í OECD-löndunum er aldurinn hærri. Þar eru námsmenn að jafnaði 18 eða 19 ára við upphaf háskólanáms.
- Á Íslandi er hlutfall fullorðinna sem ekki hefur lokið framhaldsskóla um 30%. Það er heldur hærra hlutfall en í nágrennalöndunum.

Hlutfall þeirra sem ljúka prófi úr framhaldsskóla á skilgreindum tíma



■ Lokið á skilgreindum námstíma ■ Lokið 2 árum eftir skilgreindan námstíma

Heimild: OECD, Education at a Glance 2013.

# Markmið

Árið 2018:  
90% grunnskólanema  
nái lágmarksviðmiðum  
í lestri – í stað 79% nú.


Skoða þarf ýmsar leiðir til að ná þessu markmiði. Til dæmis hvort auka beri hlut móðurmálskennslu í grunnskólum landsins. Í nágrennalöndunum er hlutfall móðurmálskennslu í námsefni grunnskóla mun hærra en hér á landi.

Einnig kæmi til greina að setja viðmið um lágmarkshæfni í lestri á tilteknum stigum grunnskólans, samhæfa reglubundnar mælingar á lesskilningi og veita nemendum af erlendum uppruna sérstakan stuðning.

Sömuleiðis gætu skólar sett sér læsisstefnu og þjálfað kennara til að bregðast við lestrarvanda.

Síðast en ekki síst ætti að úta undir jákvæð viðhorf til lesturs í þjóðfélaginu og virkja foreldra til að styðja við lestrarnám barna sinna.

Móðurmálskennsla sem hlutfall af heildarkennslustundafjölda á Íslandi og í samanburðarlöndum




Árið 2018:  
60% nemenda ljúki námi úr  
framhaldsskóla á tilsettum  
tíma – í stað 44% nú.

Til að ná þessu markmiði er gert ráð fyrir að endurskipuleggja námstímann í framhaldsskólum, stytta nám til lokaprófa, draga úr brotthvarfi og breyta skipulagi starfsmenntunar.

Lagt er til að nám til stúdentsprófs taki þrjú ár og að samhliða því verði unnið að styttingu starfsnáms. Jafnframt er lagt til að skimað verði fyrir áhættuþáttum brotthvarfs meðal nemenda allra framhaldsskóla.

Verkefna- og samráðshópar verða settir á laggirnar í tengslum við hvítbókina og munu þeir gera tillögur um útfærslu aðgerða til að auka lestrarfærni, stytta námstíma og efla starfsmenntun.

Lengd skólagöngu á bóknámsbrautum framhaldsskóla í Evrópu



➔ Mikilvægt er að viðtæk sátt náist um þessi markmið og að allir sem að menntun koma séu tilbúnir að vinna þeim brautargengi. Foreldrar gegna hér lykilhlutverki.

➔ Við getum eftt menntun ungs fólks þannig að það geti nýtt sér öll þau tækifæri sem framtíðin ber í skauti sér.

**Vertu með í að móta  
nýjar áherslur í menntun!**



Hvítbók um úrbætur í menntamálum er ætlað það hlutverk að vera grunnur að aðgerðum til að efla læsi og bæta námsframvindu í framhaldsskólum landsins. Við hvetjum alla þá sem hafa áhuga á menntamálum til að taka þátt í þessu verkefni og leggja þannig grunn að víðtækri samstöðu um framfarir. Höfum hugfast að menntun barnanna okkar hefur mótandi áhrif á líf þeirra og hvernig þeim vegnar síðar á lífsleiðinni. Gæði menntunar varða því okkur öll og hafa gildi fyrir samfélagið í heild, ljúðræðislega og efnahagslega þróun.

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ